

Hvað er á seyði um helgina?



Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkprófastsdæmi sunnudaginn 8. febrúar.

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta í safnaðarheimili kl. 2. Altarisganga. Æskulýðssamkoma á sama stað mánudagskvöld 9. feb. kl. 20.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Messa að Norðurbrúnn 1 kl. 2. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Sunnudagskóli kl. 10.30. Messa kl. 14 í Breiðholti. Æskulýðsfélagsfundur kl. 20.30 að Seljabraut 54. Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTADAKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2. Helgi Eliasson bankautibússtjóri flytur stólræðuna. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Félagstarf aldraðra er á miðvikudögum milli kl. 2 og 5. Sr. Ólafur Skúlason.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÖMKIRKJAN: Kl. 11 messa. Sr. Óskar J. Þorláksson. Kl. 2 messa. Björg Einarssdóttir flytur stólræðuna. Svala Nielsen operusöngkona syngur faðirvorið. Fermingarborn flytja bæn og texta. Sr. Þórir Stephensen þjónar fyrir altari. Dömkörinn syngur, organisti Marteinn H. Friðriksson.

LANDAKOTSSPITALI: Guðsþjónusta kl. 10. Skirt verður í guðsþjónustunni. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Þórir Stephensen.

FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Laugardagur: Barnasamkoma í Hólarekkuskóla kl. 2 e.h. Sunnudagur: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11 f.h. Guðsþjónusta í safnaðarheimili á Keilufelli 1 kl. 2 e.h. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRENSASKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Jón G. Þórarinnsson. Almenn samkoma nk. fimmtudag kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Engin messa kl. 2. Þriðjud. kl. 20.30. Fyrirbæna Guðsþjónusta. Beðið fyrir sjúkum. Kirkju-skóli barnanna er á laugardögum kl. 2 í gömlu kirkjunni.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

HÁTEIGSKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Tomas Seinnsson. Messa kl. 2. Bragi Skúlason guðfræðinemi predikar. Sr. Arngirumur Jónsson. Messa og fyrirbæni fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Arngirumur Jónsson.

KÁRSNESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11 árd. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11 árd. Sr. Arni Pálsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Jón Stefánsson og sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Jón Stefánsson. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.

NESKIRKJA: Barnasamkoma kl. 10.30. Guðsþjónusta kl. 2. Sr. Frank M. Halldórsson. Kirkjukaffi. Bæna Guðsþjónustur á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.30.

SELJASÖKN: Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 10.30 árd. Barnasamkoma að Seljabraut 54 kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 2. Sóknarprestur.

SELTJARNARNESSÖKN: Barnasamkoma kl. 11 árd. í Félagshöllinni. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa kl. 2. Organleikari Sigurður Isólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.

FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRDI: Barnatíminn er kl. 10.30. Aðstandendur barnanna eru hjartanlega velkomnir líka. Guðsþjónusta kl. 14. Fundur með fermingarféli eftir messu. Starfsmenn kirkjunnar greina frá störfum sínum. Safnaðarstjórn.

FILADELFÍUKIRKJAN: Sunnudagaskólarnir byrja kl. 10.30. Almenn guðsþjónusta kl. 20. Ræðumenn Guðni Einarsson og Samúel Ingimarsson. Fjölbreyttur söngur. Fórn fyrir Afríkuþróðöð.

NÝJA POSTULAKIRKJAN, Háaleitisbraut 58: Sérstök messa sunnudag kl. 11 og 17. Predikari er frá Kanada, Gene Storer. Matur eftir morgunmessu.

Listasöfn

Sýningar

LISTASAFN ÍSLANDS: Málverk, grafík, skulptúr teikningar eftir innlenda og erlenda listamenn. Opíð 13.30—16 þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. **ÞJÓÐMINJASAFNIÐ, v. Suðurgötu:** Opíð þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. kl. 13.30—16. **TORFAN** (veitingahúsið): Björn Björnsson, leikmyndir, ljósmyndir og teikningar úr Paradísarheimi. **LISTMUNAHÚSIÐ, Lækjargötu 2:** Engin sýning um helgina.

Guðmundur Ármann og Sigurður Þórir sýna að Kjarvalsstöðum:

„VINNAN ER MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í MENNINGUNNI“

— segja þeir og hafa vinnandi fólk sem aðalviðfangsefni

„Það er kominn tími til að myndlistarmenn snúi sér að einhverju öðru en flatarmálsfræði eða ljóðrænum tilraunum með liti og form,“ sögðu þeir félagar Sigurður Þórir og Guðmundur Ármann, sem frá og með morgundeginum sýna myndir sínar á Kjarvalsstöðum Þarna er um olíumálverk, grafík og teikningar að ræða og flestar myndirnar sýna fólk í atvinnulífinu, gjarnan við fisk- eða járníðnað. Þó er þarna heljarmikið málverk úr Öxnadal, 8 metra langt. Og sýningin heitir „Vinnan-Fólkið-Landið“.

Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti sem íslenskir myndlistarmenn gera myndir af vinnandi fólki og það eru fleiri sem gera það nú en þeir félagar. En þó má með nokkrum sanni segja að meðan abstraktstefnan var sterkust, frá því um 1950 og fram á síðasta áratug, þá hafi tilraunir með hrein form verið allsráðandi og myndir af fólki, húsum eða landslagi allt að því bannfærðar.

„Scheving, Kristín Jónsdóttir og fleiri máluðu sjómenn, bænda fólk og

búsmala,“ sögðu þeir Sigurður og Guðmundur. „Okkar myndir sýna áhrif frá breyttum tímum, þegar

borgir hafa myndast og iðnvæðing er í mótn.“ Þeir eru báðir Reykvikingar,




Flestar myndanna sýna verkamenn í járníðnaði eins og sú til vinstri (eftir Guðmund Ármann) eða í fiskiðnaði eins og sú til hægri (eftir Sigurð Þóri).

Sigurður Þórir fæddur 1948 en Guðmundur Ármann 1944. Upphaflega kynntust þeir þegar báðir voru sendlar í prentsmiðjunni Eddu (þar sem Tíminn var lengst af prentaður). En svo fór Guðmundur til Gautaborgar á Vallands-listaskólann og býr nú á Akureyri, þar sem hann rekur teikni- og skiltastofu ásamt Ragnari Lár (höfundur Bogga blaðamanns). Sigurður fór hins vegar til Kaupmannahafnar á konunglega kúnstakademíu og kennir nú við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Leiðir þeirra lágu saman að nýju þegar Sigurður ætlaði til Húsavíkur með fjölskyldu sína sumari '78, en varð bílreka í Öxnadal og þurfti að leita gistingar hjá Guðmundi á Akureyri. Þegar þeir fóru að sýna hvor öðrum myndir sínar, urðu þeir þess visir að skoðanir þeirra í listinni fóru á marga hátt saman, og upp kom sú hugmynd um sýningu sem nú er orðin að veruleika.

-IHH.



Grafík eftir Sigurð Þóri Sigurbjörnsson, en hann opnar sýningu að Kjarvalsstöðum ásamt Guðmundi Ármanni um helgina.

LISTASAFN ALPÝÐU, Grensásvegi 16: Sýning á verkum í eigu safnsins. Opíð 16—20 virka daga. 14—20 um helgar.

NÝLISTARSAFNIÐ, Vatnsgt 3b: Engin sýning um helgina.

ÁSGRÍMSAFN, Bergstaðastræti 74: Safnið lokað meðan skipt er um sýningu.

ÁRBÆJARSAFN: Opíð samkv. umtali. Sími 84412 kl. 9—10 alla virka daga.

GALLERÍ GUÐMUNDAR, Bergstaðastræti 15: Verk eftir Weissauer, Kristján Guðmundsson. Eyjólf Einarsson o.fl. Opíð 14—18 flesta virka daga.

EPAL, Síðumúla 20: Textilhópurinn sýnir. Opíð á venjulegum verzlunartíma.

LISTASAFN ÁSMUNDAR SVEINSSONAR: Opíð þriðjud., fimmtud., og laugard. kl. 13.30—16.

MOKKA: Gunnlaugur Johnson, teikningar, Stendur næstu þrjár vikur. Opíð 9—23.30 alla daga.

GALLERÍ NONNI, Vesturgötu: Nýtt pönk á Vesturgötunni.

GALLERÍ KIRKJUMUNIR, Kirkjustræti 10: Sigrún Jónsdóttir, batik, kirkjumunir o.fl. Opíð 9—18 virka daga 9—16 um helgar.

GALLERÍ LÆKJARTORG, Hafnarstræti 22: Jóhann G. Jóhannsson, málverk, íslenskar hljómpötur og ljóðabækur.

KJARVALSSTADIR: Vestursalur: Guðmundur Ármann og Sigurður Þórir, Vinnan—Fólkið—Landið, málverk og grafík. Opnar laugardag. Á göngum: Holenskt skart, Grafík frá landi Mondriaans. Austursalur: Carl Frederik Hill, 76 teikningar. Verk frá Listasafninu í Malmö. Opíð 14—22 alla daga.

DJÚPIÐ, Hafnarstræti (Hornid): Einar Þorsteinn Ásgeirsson og Haukur Halldórsson, Hugmyndir á þorranum. Hugmyndir, myndverk og skulptúr. Opnar laugardag kl. 15.

GALLERÍ SUDURGATA 7: Engin sýning um helgina.

NORRÆNA HÚSIÐ: Anddyri: Eddvard Munch: Ævintýraskógrúnn, málverk og grafík. Kjallari: Helgi

Þorgils Friðjónsson, málverk, teikningar o.fl. Opín 14—19 til 15. feb.



Einar Þorsteinn Ásgeirsson opnar sýningu í Djúpið um helgina ásamt Hauki Halldórssyni.



Jón Gunnar Árnason og Tryggvi Ólafsson.

Gallerí Semper Ardens Holbergsgade 18, Kaupmannahöfn

Í tilefni opinberrar heimsóknar forseta Íslands, frá Vigdísar Finnbogadóttur, heldur Gallerí Semper Ardens sýningu á verkum fjögurra íslenskra myndlistarmanna.

Þau sem sýna eru **Alfred Flóki**, sem sýnir tuss-teikningar og kritaermyndir, **Jón Gunnar Árnason**, sem sýnir ástandsskulptúra og höggmyndir úr ryðfríu stáli, flaueli og gleri, **Rúri**, sem sýnir dokumentation og objekta, og **Tryggvi Ólafsson**, sem sýnir akrylmálverk og klippimyndir. Samtals er um að ræða um 40 verk.

Sýningin er opin frá komu forsetans til Kaupmannahafnar og til 8. marz. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá kl. 12—18. Ókeypti aðgangur.

Bazarar



Kökubasar

Nemendur Hótel og veitingaskóla Íslands halda kökubasar sunnudaginn 8. febrúar nk. frá kl. 15 að Hótel Esju þar sem skólinn er til húsa. Nemendur hafa sjálfir bakað þær kökur sem verða á boðstólum og hafa hugsað sér að nota ágóðann í ferðasjóð, en þeir hyggjast fara utan að námi loknu og kynna sér veitingahúsið út í hinum stóra heimi.

Margrét og Hjálmtýr syngja fyrir Hliðarendagesti

Söngvarahjónin vinsælu Margrét Matthíasdóttir og Hjálmtýr Hjálmtýsson syngja fyrir matargesti í Hliðarenda á sunnudagskvöld. Undirleikari er Steinunn B. Ragnarsdóttir. Hjónin syngja lög úr söngleikjum og léttar óperuaríur og

verða allt kvöldið á staðnum. Þannig geta þeir sem ekki vilja missa af síðasta þætti Landnemanna náð að sjá þáttinn án þess að missa af hressandi og skemmtilegum söng þeirra hjóna.

Ólafur Reynisson, annar eigandi

Hliðarenda sagði í samtali við DB að klassísk tónlist er matargestum hefur verið boðið að hlýða á, á meðan þeir hafa snætt kvöldverð, hefði mælt mjög vel fyrir. Einnig hafi verið haldin ljóðakvöld og lesið úr nýjum bókum.

•A.Bj.